

Stjórn Sölustofnunar lagmetis ráðstafar fé úr Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins undir yfirstjórn iðnaðarráðherra, sem kveður nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis í reglugerð.

Iðnaðarráðherra er heimilt að fela Iðnaðarbanka Íslands hf. daglegan rekstur sjóðsins samkvæmt sérstökum samningi.

3. gr.

Á eftir 7. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 8. grein, svo hljóðandi:

Greiða skal til Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins á tímabilinu frá 1. apríl 1978 til 1. apríl 1981 fullvinnslugjald af söltuðum grásleppuhrognum, söltuðum matarhrognum og frystum þorskhrognum, sem flutt eru til útlanda, svo og útfluttu lagmeti. Fullvinnslugjald þetta skal vera 3% af fob-verði áðurnefndra hroga, en 1% af fob-verði lagmetis. Af fullvinnslugjaldi af grásleppuhrognum skal Þróunarsjóður lagmetis greiða $\frac{1}{3}$ hluta til Samtaka grásleppuhrogaframleiðenda.

Um gjalddaga og innheimtu fullvinnslugjalds fer á sama hátt og segir um útflutningsgjöld í lögum nr. 5 13. febr. 1976.

4. gr.

8. gr. laganna verður 9. gr. og 9. gr. laganna verður 10. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða:

Fullvinnslugjald samkvæmt lögum þessum skal ekki leggja á, ef sölusamningur um vöruna hefur verið gerður fyrir 1. mars 1978, og seljandi sótt um útflutningsleyfi fyrir 1. apríl 1978.

Gjört í Reykjavík 11. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 10 22. mars 1974, um skattkerfisbreytingu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Önnur mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

Viðurlög skv. 1. mgr. skulu vera sem hér segir:

1. 4% viðurlög af þeirri upphæð, sem vangreidd er, fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir eindaga, þó ekki hærri en 20%.

2. Viðurlög til viðbótar af vangreiddri upphæð fyrir hvern byrjaðan mánuð frá og með 16. degi næsta mánaðar eftir eindaga, er séu hin sömu og dráttarvextir hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 frá 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. maí 1978.

Gjört að Bessastöðum 12. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.